

L Ö G

um útgáfu og notkun nafnskírteina.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskírteini til allra einstaklinga 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi.

Á nafnskírteini hvers manns skal vera:

1. Nafn, eins og það er ritað í þjóðskrá.
2. Nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá.
3. Fæðingardagur og -ár.
4. Útgáfutími skírteinis.
5. Reitur fyrir mynd.

Heimilt er að ákveða, að aðrar upplýsingar skuli vera á nafnskírteininu, eftir því sem henta þykir. Enn fremur er heimilt að ákveða, að á nafnskírteininu skuli vera nafn skírteinishafa ritað eigin hendi.

Á nafnskírteinum, sem gerð eru í skýrsluvélum, skal — auk ríkisskjaldamerkis Íslands — vera nafn Hagstofunnar sem útgefanda skírteina fyrir hönd Þjóðskrárinnar, en ekki undirskrift hagstofustarfsmanns. Önnur skírteini skulu hins vegar því aðeins vera gild, að þau séu undirrituð af hagstofustjóra eða fulltrúa hans.

Heimilt er að ákveða, að útgáfa nafnskírteinis til útlendinga skuli ekki eiga sér stað fyrr en eftir tveggja ára samfellda dvöl þeirra hér á landi.

Kostnaður við útgáfu nafnskírteina greiðist úr ríkissjóði, en ef einstaklingur óskar eftir endurútgáfu nafnskírteinis, þar eð upphaflegt nafnskírteini hans er glatað eða af öðrum ástæðum, er Hagstofunni heimilt að taka gjald fyrir það.

Lögreglustjórar annast um afhendingu nafnskírteina. Hver sá, sem skírteini er gert fyrir samkvæmt 1. gr., skal gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem hann er á íbúaskrá, til þess að fá skírteinið afhent.

2. gr.

Nú er ákveðið í lögum, reglugerð eða lögreglusamþykkt, að menn skuli sanna aldur sinn, þegar svo ber undir, og geta þeir þá fullnægt þeirri skyldu með því að leggja fram nafnskírteini sitt. Sömuleiðis geta menn sannað aldur sinn með framlagningu nafnskírteinis, þá er þeir eru krafðir um skilríki samkvæmt ákvæðum um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskírteini í skiptum sínum við opinberan aðila, sem notar nafnnúmer Þjóðskrár í umsýslu sinni.

Nafnskírteini skal að öðru leyti notað sem sönnunargagn um, hverjir menn séu, og um aldur, eftir því sem henta þykir, og í skiptum manna á milli og á opinberum vettvangi.

3. gr.

Við notkun nafnskírteinis í sambandi við fyrirmæli laga, reglugerða og lögreglusamþykktu um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða komu á stað, er nafnskírteinið því aðeins sönnunargagn um aldur, að í því sé mynd af hlutaðeiganda, með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Þeir, sem óska, að mynd sé á nafnskírteini sínu, skulu afhenda lögreglustjóra tvær myndir af sér. Skulu þær vera á endingargóðum pappír, 35×45 mm að stærð, og að öðru leyti fullnægjandi að dómi lögreglustjóra. — Skirteinishafar greiða sjálfir kostnað við gerð mynda.

Ákveða má, að nafnskírteini, sem ljósmynd hefur verið á tiltekið árábil, skuli teljast vera án myndar, þar til sett hefur verið á þau ný mynd, sem fullnægjandi er að dómi lögreglustjóra.

Heimilt er að ákveða, að mynd skuli vera á öllum nafnskírteinum eða ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota.

4. gr.

Um leið og sóknarprestur eða safnaðarstjóri fær í hendur dánarvottorð samkvæmt 5. gr. laga nr. 64/1962, skal afhenda honum nafnskírteini hins látna til ógildingar, eftir nánari fyrirmælum Hagstofunnar.

5. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að handhafar ökuskírteinis skuli geta notað það á sama hátt og nafnskírteini er notað samkvæmt lögum og öðrum opinberum fyrirmælum, enda sé það tryggt, að nafn og aðrar upplýsingar á ökuskírteininu séu samhljóða sömu atriðum á nafnskírteini hlutaðeiganda.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um nafnskírteini og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga og gegn reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 10 000 kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10/1942, um notkun vegabréfa innanlands.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.